

Alþingi
Erindi nr. P 131/1323
komudagur 15.4.2005

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2005.

Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, 131. löggjafarþing 2004 - 2005, þskj. 885 – 592. mál

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Laganefnd telur að sú tilhögun sem mælt er fyrir um í frumvarpinu sé til mikillar einföldunar, m.a. að fela sérstakri stofnun, Neytendastofu, eftirlit og umsýslu allra þeirra mála sem varða neytendur og sérstakri áfrýjunarnefnd neytendamála að fjalla um ágreiningsmál samkvæmt lögum sem heyra undir Neytendastofu. Þá er stofnun sérstaks embættis, talsmanns neytenda, til bóta að mati nefndarinnar.

Laganefnd telur ekki rétt fjalla frekar um ofangreindar reglur umfram það sem að framan hefur verið rakið.

Virðingarfyllst,
f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.